

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði, tjaldsvæði  
og Aragerði, Sveitarfélaginu Vogum.**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 30. ágúst 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði, tjaldsvæði og Aragerði. Breytingin felst í eftirfarandi: Breytt er fyrrkomulagi innan tjaldsvæðisins og nánar skilgreint hvaða hlutar þess eru fyrir tjöld annars vegar og húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagna hins vegar. Þá er felldur burt göngustígur sem gert var ráð fyrir í gegnum tjaldsvæðið frá austri til vesturs. Staðsetning þjónustuhúss breytist og færist það frá bílastæði til norðurs um 50 m en með því er það betur staðsett miðsvæðis á tjaldsvæðinu. Hámarksstærð hússins er óbreytt eða 100 m<sup>2</sup>. Aðkoma að þjónustuhúsini verður um þjónustuveg vestan tjaldsvæðis. Gert er ráð fyrir allt að 6 smáhýsum innan tjaldsvæðisins, austast á svæðinu. Hvert þeirra er að hámarki 25 m<sup>2</sup> að flatarmáli og húsin ekki hærri en 3,5 metrar (húsgerð C). Aðkoma akandi umferðar að smáhýsunum verður um þjónustuveg frá bílastæði tjaldsvæðisins við Hafnargötu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vogum, 20. september 2017.*

**Ásgeir Eiríksson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2017